

**Ed.**

## **24. Frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 60 1938, um húsmæðrafræðslu í sveitum.

Flm.: Jónas Jónsson.

1. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Húsmæðraskólar þeir, er njóta styrks samkv. lögum þessum, eru á eftirtöldum stöðum: Hallormsstað í Suður-Múlasýslu, Akri í Norður-Þingeyjarsýslu, Laugum í Suður-Þingeyjarsýslu, Laugalandi í Eyjafjarðarsýslu, nálægt Varmahlíð í Skagafirði, á Blönduósi í Húnavatnssýslu, Reykhólum í Barðastrandarsýslu, Staðarfelli í Dalasýslu, Helgafelli í Snæfellsnessýslu, við Stafholtsveggjahver í Borgarfirði, á Laugarvatni í Árnessýslu, í Skógum í Rangárvallasýslu og Kirkjubæjarklaustri í Vestur-Skaftafellssýslu.

Skólar þessir skulu vera sjálfseignarstofnanir, eign héraða eða sýslufélaga og fullnægja ákvæðum laga þessara.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 44 1942.

G r e i n a r g e r ð .

Frumvarp samhljóða þessu frumvarpi hafði raunverulega náð samþykki beggja deilda í vetur, sem leið, en var þá stöðvað um sinn fyrir misskilning þingmanna, sem annars voru fylgjandi málinu. Þykir því einsætt, að mál þetta verði tekið upp aftur til nauðsynlegrar fyrirgreiðslu.